

Sp. 81. Tillaga til þingsályktunar [77. mál]

um athugun á fiskræktarmálum eldisstöðvarinnar að Laxalóni.

Flm.: Jón Árm. Héðinsson, Sverrir Hermannsson, Karvel Pálmason,
Geir Gunnarsson, Gunnlaugur Finnsson.

Alþingi ályktar að kjósa nefnd 5 manna, er rannsaki orsakir deilna þeirra, sem risið hafa vegna starfsemi fiskeldisstöðvarinnar að Laxalóni. Skulu sérstaklega rannsakaðar ástæður þær, sem til þess liggja, að yfirvöld hafa neitað um nauðsynleg leyfi til frjálsrar sölu og meðferðar á afurðum stöðvarinnar.

Nefndin skal hafa lokið störfum, áður en reglulegt Alþingi kemur saman á hausti komanda.

Kostnaður vegna starfa nefndarinnar greiðist úr rikissjóði.

Greinargerð.

Þessi tillaga var flutt á 94. löggjafarþingi og varð þá ekki útrædd. Gunnlaugur Finnsson kemur nú sem meðflutningsmaður í stað Björns Pálssonar, er situr ekki lengur á þingi.

Það hefur varla farið fram hjá mönnum, að málaferli og alvarlegar deilur hafa risið í sambandi við ræktun, eldi og rekstur laxeldisstöðvarinnar í Laxalóni, einkum að því er varðar regnbogasilungsstofninn, sem stöðin á og hefur ræktað síðustu tvo áratugi. Þessar deilur hafa verið á milli eiganda stöðvarinnar, Skúla Pálssonar fiskræktarbónda í Laxalóni, og veiðimálastjóra, Þórs Guðjónssonar, og síðar fisksjúkdómanefndar. Verða slíkar deilur að teljast mjög óheppilegar og skaðlegar fyrir þróun fiskræktarmálanna í landinu.

Ekkert skal um það fullyrt, hve miklum skaða þessar deilur hafa þegar valdið óbeint, að því er varðar vöxt, viðgang og þróun fiskeldismálanna í landinu og væntanlega arðbærrar atvinnugreinar, fiskræktarhúskapar, en varla fer á milli mála, að tjónið er mikið.

Hinu verður ekki á móti mælt, að vegna þess að ekki hafa fengist heilbrigðisvottorð, sem eru nauðsynleg forsenda fyrir útflutningsleyfi og útflutningi á regnbogasilungsaferðum frá laxeldisstöðinni í Laxalóni, hefur á undanförunum árum orðið að grafa í jörð milljóna virði af regnbogasilungshrógnum og eyðileggja frystan regnbogasilung til manneldis, sem nógir kaupendur voru að.

Hér er ekki aðeins um tilfinnanlegt fjárhagstjón að ræða fyrir laxeldisstöðina í Laxalóni, heldur einnig allmikið gjaldeyrstap fyrir þjóðfélagið, og verður ekki við slíkt unað til lengdar, þar sem auðvelt ætti að vera úr að bæta.

Gera má ráð fyrir því, að hefði þróun í eldi og ræktun regnbogasilungs á Íslandi verið með eðlilegum hætti og árekstralaus og nyti stuðnings fiskræktaryfirvaldanna í landinu, væri risinn hér upp myndarlegur vísir að þýðingarmikilli atvinnugrein, sem fiskeldið er og mikil áhersla er lögð á að styðja af alefli hjá nágrannaþjóðum okkar. Í kjölfar þessa hefði svo að sjálfsögðu risið upp viðtæk ræktun og eldi á íslensku bleikjunni og unnið að markaði fyrir hana erlendis.

Verður að harma, hvernig málum þessum er nú komið hér á landi, þegar hafðir eru í huga hinir kostamiklu laxfiskastofnar í íslenskum ám og vötnum og hið óþrjótandi mikla og tæra vatnasvæði landsins og jarðhiti, sem væri áreiðanlega búið að nýta til afkastamikils atvinnurekstrar í fiskeldismálum hjá öðrum menningarþjóðum, ef þær hefðu yfir að ráða slíkum ónotuðum verðmætum og auðlindum.

Hitt er aftur á móti vitað, að margar þjóðir, sem langt eru komnar í fiskræktar- og fiskeldismálum, t. d. danir, sem flytja árlega út regnbogasilungsaferðir fyrir sem svarar um 2500 milljónum íslenskra króna, berjast við lélegan vatnskost og jafnvel sjúkdóma í fiskstofnunum. Samt sem áður og þrátt fyrir slíka erfiðleika fer þessi atvinnugrein vaxandi.

Sú staðreynd virðist fyrir hendi, að regnbogasilungsstofninn í laxeldisstöðinni í Laxalóni sé hraustur, heilbrigður og ósýktur, sennilega eini stofninn í Evrópu af þessari verðmiklu fisktegund, sem svo vel er ástatt fyrir. Þess vegna er brýn nauðsyn, að mál þetta verði athugað, og því er þessi þingsályktunartillaga fram borin.